



Markmið

Nemandi

- geti staðsett Inkaríkið í tíma og rúmi.
- þekki styrk og veikleika Inkaríkisins.
- geti tjáð sig um Inkaríkið munnlega, skriflega og/eða með mynd.
- hafi tilfinningu fyrir sjónheimi og vistheimi Inkaríkisins eins og þetta birtist í myndum og frásögnum.

Kennsla

Inkaríkið í Suður-Ameríku ber með sér einhvern dularfullan ljóma sem alltaf vekur athygli og aðdáun. Engin ástæða er til að eyða þessum ljóma heldur þvert á móti að nýta hann og upplýsa frekar um þetta samfélag og varpa fleiri ljósum á það. Einn þáttur í því er að draga fram að heildstæð stór ríki voru ekki algengt þjóðskipulag í Ameríku á fyrri öldum en þekktist þó. Fleiri gerðir voru algengari, einkum ættflokkaskipulag af ýmsu tagi.

Orðanotkun er ákveðið vandamál í þessum fræðum. Orðið „indíáni“ er gamall misskilningur og vísar til þess að fólk sé talið til Indíalanda. Í Norður-Ameríku, einkum í Kanada, hefur verið talað um „first nations“ þó að indíánahugtakið sé ekki úr sögunni. Stundum er hugtakið frumbyggjar notað. „Inkar“ er ekki alveg kórrétt orð yfir íbúa Inkaríkis þar sem inka var embættisheiti keisarans. Í ríkinu voru margir þjóðflokkar og mörg tungumál.

Eins og landakort eru lyklatríði í sumum öðrum köflum er áhugaverðast og gagnlegast að skoða myndir sem snerta efni þessa kafla, ekki síst ljósmyndir af mannvirkjum frá tímum Inkanna, sömuleiðis teikningar úr bók frá 1615 (sjá ítarefni). Allt þetta efni er á Netinu. Nemendur geta síðan gert eigin myndir eftir þessum fyrirmyndum til að átta sig betur á eiginleikum þessa samfélags og menningar.

Spurningar og verkefni

1. Til hvers var hnútalettrið (kípú, quipu) notað?

Vitað er að það gaf tölulegar upplýsingar en hvað annað er ekki vitað enn þar sem ekki hefur tekist að ráða lettrið.

2. Vitið þið um önnur lönd á miðöldum þar sem boðhlaup með skilaboð tíðkaðist?

Í þessari bók er sagt frá slíku í Kína (í kaflanum um silkileiðina) og á Indlandi (í kaflanum um Ibn Battúta).

3. Hvað þykir ykkur merkilegast við Inkaríkið?

Hér verða nemendur að ráða en þurfa að koma með haldgóð rök. Líklegt er að byggingarnar verði nefndar, sömuleiðis boðkerfið og sitthvað fleira.





4. Hvers vegna féll Inkaríkið?

Þetta er spurning af því tagi sem ekki verður svarað svo óbyggjandi sé. Þau atriði sem talin hafa verið eru m.a.:

- Átök voru í landinu milli ráðandi aflu.
- Spánverjum tókst að ná inkanum (keisaranum) á sitt vald (með svikum og prettum).
- Stjórn ríkisins var svo mikið í höndum inkans að stjórnkerfið virkaði illa þegar hans naut ekki lengur við.
- Spánverjar höfðu hesta og skotvopn sem óþekkt voru meðal heimamanna.
- Spánverjar báru með sér sjúkdóma sem heimamenn höfðu ekkert ónæmi fyrir.
- Flest af þessum svörum varðar það sem gerðist fljótlega eftir að Spánverjar birtust. Síðan geta vaknað fleiri spurningar eins og: Hlaut Inkaríkið ekki að falla fyrr eða síðar eftir að Evrópumenn voru komnir til Ameríku?

Ítarefni

Nóg er til af efni um Inkaríkið þó að ekki sé það allt við barna hæfi. Leitarorðið sem víðast dugar er *inca*.

Á Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn er varðveitt eina eintakið sem til er af mikill bók um Inkaríkið, *El primer nueva corónica y buen gobierno* eftir Felipe Guaman Poma de Ayala, sem dagsett er 1615–16 og er mikið myndskreytt. Hún er oft og víða notuð sem heimild um Inkana. Bókin hefur öll verið látin á vef safnsins: *The Guaman Poma Website* <http://www.kb.dk/permalink/2006/poma/info/en/frontpage.htm>

